

VBS fjárfestingarbanki hf.

**Ársreikningur
2007**

VBS fjárfestingarbanki hf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Kt. 621096-3039

Efnisyfirlit

	bls.	Skýringar:	bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	3	Almennar upplýsingar	9
Áritun óháðs endurskoðanda	4	Mikilvægar reikningsskilaaðferðir	10
Rekstrarreikningur	5	Skýringar við rekstrarreikning	16
Efnahagsreikningur	6	Skýringar við efnahagsreikning	18
Eiginfjárfirlit	7	Áhættustýring	22
Sjóðstreymisyfirlit	8	Aðrar upplýsingar	26

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningur VBS fjárfestingarbanka hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Þetta er fyrsti ársreikningur bankans þar sem alþjóðlegum reikningsskilastaðli 1, Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla er beitt. Ársreikningur bankans inniheldur ársreikning VBS fjárfestingarbanka hf. og dótturfélaga hans, sameiginlega vísað til sem "bankinn".

Áhrif breytinga á eigið fé bankans 1. janúar 2007 vegna innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna er hækkun um 43,4 millj. kr. Frekari upplýsingar um áhrif innleiðingar staðlanna er að finna í skýringum með ársreikningnum.

Í ársbyrjun sameinuðust VBS fjárfestingarbanki hf. og FSP hf. og heitir hið sameinaða félag VBS fjárfestingarbanki hf. Efnahagur FSP hf. færðist yfir til VBS fjárfestingarbanka hf. í upphafi árs 2007 og voru eignir metnar til gangvirðis. Við sameininguna jókst eigið fé VBS fjárfestingarbanka hf. um 4.099 millj. kr.

Hagnaður varð af rekstri bankans á árinu að fjárhæð 1.416,4 millj. kr. Eigið fé bankans nam 8.318,5 millj. kr. í árslok samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 22,3% en samkvæmt lögum má það lægst vera 8,0%.

Í árslok var hlutafé bankans 449,9 millj. kr. Á árinu var hlutafé aukið um 199,1 millj. kr. vegna samrunans við FSP hf. og um 35,1 millj. kr. með útgáfu nýrra hluta umfram kaup á eigin bréfum. Hluthafar voru 129 í árslok, samanborið við 78 í ársbyrjun. Í árslok áttu tveir hluthafar meir en 10% í bankanum, Icecapital hf. sem átti 12,4% og Sparisjóður Mýrasýslu sem átti 10,0% hluta.

Ársreikningur bankans er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingagjöf í samstæðureikningum félaga sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu bankans á árinu 2007, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hans 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007.

Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri bankans, stöðu hans og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem bankinn býr við.

Stjórn og forstjóri VBS fjárfestingarbanka hf. staðfesta hér með ársreikning bankans fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík 31. janúar 2008

Stjórn:

Forstjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa VBS fjárfestingarbanka hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning VBS fjárfestingarbanka hf. og dótturfélaga ("bankinn") fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2007, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 31. janúar 2008

KPMG hf.

Rekstrarreikningur ársins 2007

	Skýr.	2007	2006
Vaxtatekjur		2.811.430	1.138.518
Vaxtagjöld		(1.822.873)	(846.421)
Hreinar vaxtatekjur	5,28	988.557	292.097
Hreinar þóknatekjur	6,29	1.497.005	573.302
Arðstekjur	7,3	44.770	47.145
Hrein gjöld af veltufjáreignum	8,31	(308.501)	102.816
Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði	8,32	382.430	48.700
Hreinn gjaldeyrismunur		10.614	(239.311)
Ýmsar rekstrartekjur	33	162.994	46.072
Hreinar rekstrartekjur		2.777.868	870.820
Laun og launatengd gjöld	35	665.117	176.429
Rekstrarkostnaður		169.520	139.460
Afskriftir fastafjármuna	21,48	6.497	3.568
Virðisrýrnun útlána	9,43	120.413	295.188
Virðisrýrnun viðskiptavildar	10,47	85.000	0
		<u>1.046.547</u>	<u>614.646</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.731.321	256.175
Tekjuskattur	11,38	(314.902)	(38.996)
Hagnaður ársins		1.416.419	217.179
Hagnaður á hlut	12	3,3	1,0
Þynntur hagnaður á hlut	12	3,3	1,0

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

	Skýr.	31.12.2007	1.1.2007
Eignir			
Handbært fé	13,39	1.351.424	151.576
Útlán	14,4	24.690.796	9.304.144
Veltufjáreignir	15,44	3.749.630	4.370.217
Aðrar fjáreignir á gangvirði	15,45	1.965.201	1.316.621
Fullnustueignir	43	1.597.632	79.540
Óefnislegar eignir	20,47	693.375	778.375
Rekstrarfjármunir	21,48	49.225	20.089
Ýmsar eignir	25,490	1.127.855	815.234
Eignir samtals		<u>35.225.138</u>	<u>16.835.796</u>
Skuldir			
Lántaka.....	22,5	24.376.116	9.260.188
Vikjandi lán	23,52	500.936	473.818
Skattskuldir.....	24,53	453.812	177.304
Aðrar skuldir.....	25,56	1.575.755	784.982
Skuldir samtals		<u>26.906.619</u>	<u>10.696.292</u>
Eigið fé			
Hlutfé		449.905	414.827
Yfirverðsreikningur hlutafjár		5.672.892	4.870.430
Lögbundinn varasjóður		101.750	101.750
Óráðstafað eigið fé		2.093.972	752.497
Eigið fé samtals	26,57	<u>8.318.519</u>	<u>6.139.504</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>35.225.138</u>	<u>16.835.796</u>

Eiginfjáryfirlit

fyrir árið 2007

	Hlutfé	Yfirverð- reikningur	Eigið fé Lögb. varasj.	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Breytingar á eigin fé 2006:					
Eigið fé 1. janúar 2006	168.200	471.673	41.952	568.502	1.250.327
Breytingar vegna IFRS				18.533	18.533
Eigið fé 1. janúar 2006, leiðrétt	168.200	471.673	41.952	587.035	1.268.860
Greiddur arður á árinu				(84.100)	(84.100)
Innborgað hlutfé á árinu	47.510	591.055			638.565
Tillag í lögbundinn varasjóð			9.618	(9.618)	0
Hagnaður ársins				217.179	217.179
Eigið fé 31. desember 2006	215.710	1.062.728	51.569	710.497	2.040.504
 Breytingar á eigin fé 2007:					
Eigið fé 31. desember 2006	215.710	1.062.728	51.569	710.497	2.040.504
Breytingar á eigin fé vegna samruna	199.117	3.807.702	50.181	42.000	4.099.000
Eigið fé 1. janúar 2007, leiðrétt	414.827	4.870.430	101.750	752.497	6.139.504
Greiddur arður á árinu				(74.944)	(74.944)
Innborgað hlutfé á árinu	39.500	910.600			950.100
Kaup og sala eigin bréfa	(4.422)	(108.138)			(112.560)
Hagnaður ársins				1.416.419	1.416.419
Eigið fé 31. desember 2007	449.905	5.672.892	101.750	2.093.972	8.318.519

Sjóðstreymisýfirlit

fyrir árið 2007

	2007	2006
Rekstrarhreyfingar:		
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....	1.731.321	256.175
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Verðbætur og gengismunur.....	244.871	(134.851)
Afskriftir rekstrarfjármuna.....	6.497	3.568
Afskriftir óefnislegra eigna.....	85.000	0
Virðisrýmun útlána.....	120.413	295.188
Tekjuskattur.....	(314.902)	(38.996)
	1.873.200	381.084
Veltufjáreignir, breyting.....	620.587	(328.290)
Útlán, breyting.....	(15.479.118)	(5.058.328)
Fullnustueignir, breyting.....	(1.518.092)	(79.540)
Fjáreignir á gangvirði, breyting.....	(648.579)	(45.749)
Aðrar eignir, breyting.....	(312.622)	(185.613)
Lántaka, breyting.....	14.843.109	5.033.504
Skattskuld, breyting.....	314.904	42.986
Aðrar skuldir, breyting.....	790.771	(202.192)
Greiddur tekjuskattur.....	(38.394)	(75.492)
	445.766	(517.630)
Handbært fé frá (til) rekstrar		
Fjárfestingarhreyfingar:		
Keyptir rekstrarfjármunir.....	(36.132)	(4.811)
Söluverð rekstrarfjármuna.....	500	0
	(35.632)	(4.811)
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjármögnunarhreyfingar:		
Víkjandi lán, breyting.....	27.118	60.902
Keypt og seld eigin bréf.....	(112.560)	0
Innborgað hlutafé.....	950.100	638.565
Greiddur arður til hluthafa.....	(74.944)	(84.100)
	789.714	615.367
Fjármögnunarhreyfingar		
Hækkun á handbæru fé.....	1.199.848	92.926
Handbært fé í ársbyrjun	151.576	40.345
Yfirtekið handbært fé við samruna.....	0	18.305
	1.351.424	151.576
Handbært fé í árslok		

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Upplýsingar um félagið

VBS fjárfestingarbanki hf. er með lögheimili að Borgartúni 26 í Reykjavík. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2007 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, (sem vísað er til í heild sinni sem „bankinn“). Bankinn býður fjármálaþjónustu til fyrirtækja, fagfjárfesta, félagasamtaka og einstaklinga. Þjónustan felst í útlánum, verðbréfamiðlun, eignastýringu og fyrirtækjaráðgjöf. Bankinn er með skuldabréf skráð á markaði.

Samruni

Í ársbyrjun sameinuðust bankinn og FSP hf. og heitir hið sameinaða félag VBS fjárfestingarbanki hf. Efnahagur FSP yfirfærast til VBS í upphafi árs og hafa eignir þá verið metnar til gangvirðis sbr. skýringu nr. 72.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a) Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) sé fylgt

Ársreikningur bankans er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu (ESB).

Stjórn bankans heimilaði birtingu ársreikningsins 31. janúar 2008.

Þetta er fyrsti ársreikningur félagsins sem gerður er samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og hefur IFRS 1, *Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*, verið beitt við gerð hans. Gerð ársreiknings bankans samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum leiðir til breytinga á reikningsskilaáðferðum sem notaðar voru við gerð síðasta ársreiknings bankans en hann var gerður samkvæmt íslenskum reikningsskilaáðferðum. Þeim reikningsskilaáðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir þau tímabil sem þessi ársreikningur nær til. Þeim hefur ennfremur verið beitt við gerð opnunarefnahagsreiknings samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Upplýsingar um áhrif breytinga við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna á fjárhagsstöðu bankans og afkomu hans er að finna í skýringu 39. Skýringin inniheldur afstemmingar á eigin fé og afkomu bankans fyrir samanburðartímabil, annar vegar eins og þau voru þegar íslenskum reikningsskilaáðferðum var beitt og hins vegar eins og þau eru samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

b) Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur bankans er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að eftirtaldir eignir og skuldir eru metnar á gangvirði: veltufjáreignir og fjáreignir tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstur.

c) Starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur bankans er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill allra félaga í samstæðunni. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d) Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaáðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu aðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Þetta mat og ályktanir tengdar því er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat stjórnenda og undirliggjandi forsendur eru endurskoðaðar reglulega. Breyting á reikningshaldslegu mati er færð á yfirstandandi tímabil þegar matið hefur einungis áhrif á það tímabil. Hins vegar er breytingin færð á yfirstandandi tímabil og á síðari tímabilum ef hún hefur áhrif á þau.

Í skýringu 71 er fjallað um ákvarðanir sem stjórnendur hafa tekið við beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla sem hafa áhrif á ársreikninginn og um mót þar sem hætta er á að þeim verði breytt á næsta ári.

Skýringar, frh.:

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum og af öllum félögum í samstæðunni.

3. Grundvöllur samstæðu

a) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem bankinn fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar bankinn hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum bankans frá því að yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið til að laga þær að aðferðum bankans.

b) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings bankans.

4. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning. Ópeningalegar eignir og skuldir sem metnar eru á kostnaðarverði í erlendri mynt eru færðar yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Ópeningalegar eignir og skuldir sem færðar eru í erlendri mynt á gangvirði eru færðar yfir í íslenskar krónur á gengi dags er gangvirði var ákveðið.

5. Vextir

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning miðað við virka vexti. Með hreinum vaxtatekjum telst innlausn affalla og yfirverðs og annar mismunur á upphaflega bókfærðri fjárhæð eignarinnar og fjárhæð hennar á gjalddaga miðað við virka vexti.

Við útreikning á virkum vöxtum er notuð aðferð til að reikna út afskriftarkostnað fjáreigna eða fjárskulda (eða hóp fjáreigna eða fjárskulda) og er vaxtatekjum eða vaxtagjöldum dreift yfir viðeigandi tímabil. Virkir vextir eru þeir vextir sem núvörða áætlað framtíðar sjóðstreymi eða greiðslur með tilliti til áætlaðs nýtingartíma fjármálagerningsins, eða þegar við á, nota styttra tímabil til að ná bókfærðu virði fjáreignar eða fjárskuldar. Við útreikning á virkum vöxtum, notar bankinn áætlað sjóðstreymi og tekur tillit til allra sammingsbundinna skilmála fjármálagerningsins, en áætla ekki framtíðartap. Útreikningurinn felur alla jafna í sér þær greiðslur og þóknanir sem fara á milli sammingsaðila og eru óskiptur hluti af virkum vöxtum, sem og viðskiptakostnaður og önnur afföll og yfirverð.

6. Þóknatekjur og þóknagjöld

Bankinn veitir viðskiptavinum sínum ýmsa þjónustu gegn þóknun. Bankinn hefur þóknatekjur af fjárfestingum, fyrirtækjaþjónustu, viðskiptum með verðbréf, umsýslu eigna og lánastarfsemi. Þóknatekjur eru færðar í rekstrarreikning um leið og umbedin þjónusta er veitt. Þóknarir sem eru tengdar frammistöðu eru færðar þegar gefnum skilyrðum hefur verið fullnægt.

Þóknagjöld eru einkum greiðslur vegna þjónustu sem bankinn kaupir. Þau eru gjaldfærð eftir því sem þjónustan er fengin.

7. Arðstekjur

Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar tilkynnt er um arðgreiðslu.

8. Hreinar tekjur af veltufjáreignum og fjáreignum á gangvirði

Hreinar tekjur af veltufjáreignum og fjáreignum á gangvirði fela í sér hagnað og tap af fjáreignum og allar innleystar og óinnleystar gangvirðisbreytingar. Arður er færður sérstaklega í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

9. Virðisrýrnun fjáreigna

Bókfært verð eigna bankans, annarra en fjáreigna á gangvirði og breytingar á gangvirði fært í gegnum rekstur, eru yfirfarnar á hverjum uppgjörsdegi til að kanna hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Sé slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð metin, sjá skýringu 48.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar hennar verður hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning.

a) Virðisrýrnun útlána

Það er stefna bankans að færa tölur vegna virðisrýrnunar þegar hlutlaus sönnun liggur fyrir um að virðisrýrnun á lánasafni eða einstöku láni hafi átt sér stað. Þetta er gert reglulega og eftir viðmiðunarreglum bankans.

Tvær grunnaðferðir eru notaðar til að reikna út virðisrýrnunartap; annarsvegar er reiknað út frá einstöku láni og hinsvegar út frá safni lána. Vænt tölur vegna atvika í framtíðinni eru ekki færð án tillits til þess hve líklegt er að þau tapist.

Hlutlaus sönnun virðisrýrnunar felur í sér hlutlaus gögn varðandi eftirfarandi tapshætti:

- (i) veruleg fjárhagsvandræði lántakanda;
- (ii) sammingsbrot, eins og vanskil á innborgunum eða á vöxtum eða á höfuðstóli
- (iii) bankinn veitir lántakanda, vegna efnahagslegra eða lagalegra ástæðna tengdum fjárhagslegum erfiðleikum lántakanda, ívilnun í formi endurfjármögnunar, sem lánveitandi myndi að öðrum kosti ekki ihuga;
- (iv) það er talið líklegt að lántakandi verði gjaldþrota eða muni ganga í gegnum annars konar fjárhagslega endurskipulagningu;
- (v) brotthvarf virks markaðar fyrir sérstaka fjáreign vegna fjárhagserfiðleika; eða
- (vi) vísbendingar um mælanlega lækkun í væntu framtíðar sjóðstreymi frá lánasafni frá upphaflegri færslu þessarar eignar, jafnvel þó þessi lækkun hafi ekki enn verið merkjanleg hjá einstakri fjáreign í safninu, þar á meðal:
 - óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakanda í safninu; eða
 - almennt þjóðhagslegt eða staðbundið efnahagslegt ástand tengt eignum bankans.

Mat einstakra útlána

Virðisrýrnun á einstökum útlánnum er ákvörðuð með mati á áhættu í hverju tilfelli fyrir sig. Á hverjum reikningsskiladegi metur bankinn hvort fyrir liggja raunverulegar vísbendingar um virðisrýrnun einstakra útlána. Þessu verklagi er beitt á þau lán sem ein og sér eru talin veruleg. Við ákvörðun slíks virðisrýrnunartaps á einstökum metnum útlánnum er tekið tillit til eftirfarandi þátta:

- heildaráhætta bankans gagnvart viðskiptavininum;
- fjárhæðir og tímasetning væntanlegra inngreiðslna og endurheimta;
- líkur á mögulegum greiðslum við slit eða gjaldþrot;
- hversu flókið er að ákvarða heildarfjárhæðir og mat á öllum kröfum á lántaka og hversu mikil lagaleg og tryggingarleg óvissa er fyrir hendi;
- söliverðmæti tryggingar (eða annarra lækkunarþátta) og líkindum á endurgreiðslu; og
- líklegum frádrætti kostnaðar við innheimtu útistandandi fjárhæða.

Virðisrýrnun er reiknuð með því að bera saman bókfærð verð útlána og krafna við núvirði vænts framtíðarsjóðstreymis, núvirt miðað við upphaflega virka vexti. Þegar lán er með breytilegum vöxtum er ávöxtunarkrafan sú sama og gildandi virkir vextir lánsins. Virðisrýrnun útlána og krafna er færð í afskriftareikning sem kemur til lækkunar á bókfærðu verði þeirra.

Mat á safni útlána

Þar sem útlán hafa verið metin sérstaklega og engar vísbendingar fundist um tap eru þau flokkuð saman í söfn á grundvelli svipaðra lánaáhættueinkenna til að reikna út heildarvirðisrýrnun. Þetta tap nær til lána sem eru virðisrýrd á reikningsskiladegi, en verða ekki greind sem slík fyrr en síðar.

Virðisrýrnun á safni er ákvörðuð með tilliti til eftirfarandi:

- framtíðarsjóðstreymis lánasafns sem er áætlað á grundvelli sammingsbundins sjóðstreymis eignanna;
- sögulegrar tapsreynslu í söfnum með svipuðum áhættueinkennum (t.d. eftir atvinnugrein, lánshæfismati eða tegund láns);
- áætlaðs tíma frá tapi þar til tapið er greint og fært með sérstöku framlagi í afskriftareikning; og
- framtíðarsjóðstreymi í lánasafni sem er metið vegna virðisrýrnunar er áætlað á grundvelli sammingsbundins fjárstreymis; og
- mat stjórnað byggt á reynslu um hvort núverandi efnahags- og lánsaðstæður séu þannig að raunveruleg tapshætta sé önnur en tapsreynsla fyrri ára gefur tilefni til að ætla.

Skýringar, frh.:

Áætlaðar breytingar á framtíðarsjóðstreymi í eignasöfnum eru í samræmi við breytingar á undirliggjandi gögnum á hverjum tíma, til dæmis breytingar á eignaverði, greiðslustöðu eða öðrum þáttum sem benda til breyttra líkinda á tapi á söfnum og fjárhæð taps. Aðferðafræðin og forsendur sem notaðar eru til að áætla framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega til að lágmarka mun milli áætlaðs og raunverulegs taps.

Endanlega töpuð útlán

Lán eru færð sem endanlega töpuð, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar raunhæfar líkur eru á endurheimtu þeirra.

Bakfærsla virðisrýmnunar

Ef virðisrýmun lækkar síðar og hægt er að rekja það til atvika sem urðu eftir að virðisrýmun var viðurkennd, þá er áður færð virðisrýmun bakfærð í rekstrarreikningi. Virðisrýmun er einungis bakfærð að því marki sem bókfært verð eignarinnar er ekki umfram bókfært verð sem ákveðið hefði verið, að frádregnum afskriftum, ef engin virðisrýmun hefði verið færð.

Fullnustueignir

Fastafjármunir sem fengnir eru vegna fullnustu krafna eru skráðir sem fullnustueignir í efnahagsreikning. Fengin eign er færð á gangvirði að frádregnum kostnaði við sölu eða bókfærðri stöðu lánsins að frádreginni virðisrýmun, hvoru sem lægra reynist. Ekki eru reiknaðar afskriftir af fullnustueignum. Allar síðari færslur á fenginni eign niður í gangvirði að frádregnum sölukostnaði eru færðar sem virðisrýmun í rekstrarreikningi. Allar síðari hækkunar á gangvirði að frádregnum sölukostnaði, eru færðar á rekstrarreikning, að því marki sem þær eru ekki umfram heildarvirðisrýmun.

Fullnustueign gengur uppí útlán. Það er stefna félagsins að losa sig við fullnustueignir. Almennt notar bankinn fullnustueignir ekki í rekstri sínum.

b) *Útreikningur á endurheimtanlegri fjárhæð*

Endurheimtanleg fjárhæð útlána bankans er reiknuð sem núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis. Virkir vextir vegna lána og krafna með föstum vöxtum eru þeir sömu og þeir virku vextir sem notaðir voru við útreikning við upphaflega skráningu. Hinsvegar er núverandi stig virkra vaxta notað við útreikning endurheimtanlegrar fjárhæðar vegna útlána og krafna með breytilegum vöxtum.

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er hreint söluverð þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Við mat á nýtingarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi núvirt miðað við ávöxtunarkröfu fyrir skatta, sem endurspeglar núverandi markaðsmat á tímavirði peninga og áhættuna sem tengist eigninni. Fyrir eignir sem ekki mynda verulega óháð innstreymi fjár er endurheimtanleg fjárhæð ákveðin fyrir þá fjárskapandi einingu sem eignin tilheyrir.

10. Virðisrýmun viðskiptavildar

Bókfært verð viðskiptavildar er metið á hverjum reikningsskiladegi til að kanna hvort vísbendingar séu um virðisrýmun. Ef slík vísbending er til staðar er endurheimtanleg fjárhæð viðskiptavildarinnar metin. Virðisrýmunarpróf vegna viðskiptavildar er framkvæmt árlega.

Virðisrýmun er færð ef bókfært verð fjárskapandi eininga er umfram endurheimtanlega fjárhæð. Fjárskapandi eining er minnsti skilgreinanlegi hópur eigna sem skapar handbært fé og er sjálfstæður frá öðrum eignum. Virðisrýmun er færð í rekstrarreikning. Virðisrýmun er fyrst færð til lækkunar á viðskiptavild sem tengist fjárskapandi einingu og síðan hlutfallslega til lækkunar á öðrum eignum hennar.

Endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi einingar er nýtingarvirði hennar eða hreint söluverð hvort semhærra reynist. Nýtingarvirði er núvirt framtíðarsjóðstreymi miðað við áframhaldandi notkun og hrakvirði eignar eða fjárskapandi einingar.

Virðisrýmun viðskiptavildar er ekki bakfærð.

11. Tekjuskattur

Tekjuskattur af afkomu tímabilsins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna tímabilsins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki sem hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna tímabilsins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstæði og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil bankans og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar.

Skýringar, frh.:

12. Hagnaður á hlut

Hagnaðarhlutur er hlutfall hagnaðar og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og er ætlað að sýna hver hagnaður er á hverja krónu hlutafjár. Hagnaður bankans nam 1.416,4 millj. kr. og vegið meðaltal nafnverðs hlutafjár var 433,4 millj. kr. Þynntur hagnaður á hlut er sá sami og hagnaður á hlut.

13. Handbært fé

Handbært fé í sjóðstreymi samanstendur af óbundnum innstæðum hjá lánastofnunum. Handbært fé í efnahagsreikningi er fært með áföllnum vöxtum.

14. Útlán og kröfur á lánastofnanir

Útlán og kröfur eru fjármálagerningar sem bera fastar og útreiknanlegar greiðslur og eru ekki skráðir á virkum markaði, fyrir utan þá gerninga sem bankinn tilgreinir og færir á gangvirði. Þessi liður felur í sér útlán sem bankinn veitir viðskiptavinum sínum. Jafnframt falla hér undir keypt útlán sem eru óskráð og bankinn hefur ekki í hyggju að selja í náinni framtíð.

Útlán eru færð þegar þau eru veitt lántakendum. Útlán eru upphaflega færð á gangvirði. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði, sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð um virka vexti. Uppsafnaðir vextir eru færðir inn í bókfært verð útlán og krafna.

15. Fjáreignir metnar á gangvirði

a) Veltufjáreignir

Veltufjáreignir eru aðallega keyptar til að hagnast vegna skammtímabreytinga í verði eða miðlaraþóknunar. Veltufjáreignir samanstanda af hlutabréfum og skuldabréfum.

b) Fjáreignir á gangvirði

Bankinn tilgreinir ákveðnar fjáreignir í upphafi sem fjáreignir á gangvirði þar sem breytingar á gangvirði eru færðar í gegnum rekstur, ef slík tilgreining felur í sér meira viðeigandi upplýsingar vegna þess að:

- það eyðir eða dregur verulega úr mati eða þekktu ósamræmi sem myndi annars koma fram í mati á eignum eða skuldum eða færslu í hagnaði eða tapi af þeim á mismunandi grunni; eða

c) Afleiðusamningar

Afleiðusamningar eru fjármálagerningar eða aðrir samningar, þar sem virði þeirra tekur mið af breytingum á undirliggjandi þætti (eins og verði á hlutabréfum, vörum eða skuldabréfum, vísitölum, gjaldmiðlum eða vaxtastigi), og krefjast engrar eða óverulegrar upphaflegrar fjárfestingar miðað við gerð annarra sambærilegra samninga sem hafa svipaða tengingu við breytingar á markaðsþáttum og gerðir eru upp á ákveðnum tíma í framtíðinni.

Bankinn notar afleiðusamninga til að hagnast á skammtímaþróunum og til að verjast fjárhagslegri áhættu.

Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning sem vextir og gengismunur. Vextir eru færðir á rekstrargrunni. Afleiðusamningar með jákvæða stöðu eru færðir meðal veltufjáreigna og afleiðusamningar með neikvæða stöðu eru færðir meðal veltufjárskulda.

Innbyggðar afleiður sem eru hluti af öðrum samningum eru meðhöndlaðar sem aðskildir afleiðusamningar þegar hagræn einkenni og áhætta er ekki nátengd upprunalega samningnum sem þeir eru hluti af og samningarnir eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Gangvirði afleiðusamninga er ákvarðað í samræmi við reikningsskilaaðferð sem er útskýrð í skýringu 16.

Skýringar, frh.:

16. Akvörðun gangvirðis

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga við útreikning á gangvirði þeirra. Fjáreign eða fjárskuld telst vera skráð á virkum markaði ef opinbert verð er fánlegt frá kauphöll eða öðrum óháðum aðila og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum á milli ótengdra aðila, tekið er mið af verðmætum annarra fjármálagerninga sem að verulegu leyti eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir, stuðst við aðferðir til að meta núvirt fjárstreymi, notast við valréttarverðlíkön eða aðrar verðmatsaðferðir sem beita má til að meta með áreiðanlegum hætti raunverulegt markaðsverðmæti. Við beitingu verðmatsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við þekktar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga. Bankinn sannreynir reglulega verðmatsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning, án aðlaganna eða breytinga, eða byggir á upplýsingum frá virkum markaði.

Besta sönnun á gangvirði þeirra í upphafi er kaupverðið, sem er gangvirði umræddrar eignar, nema gangvirði gerningsins sé sannanlegt með samanburði við aðrar skráðar og nýlegar markaðshreyfingar á sama gerningi án aðlögunar eða endurgerðar eða byggð á matsaðferð þar sem breytur innihalda einungis upplýsingar frá virkum mörkuðum. Þegar slík sönnunargögn eru fyrir hendi, færir bankinn hagnað eða tap við upphaflega skráningu.

17. Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda

Kaup og sala fjáreigna eru skráð á þeim degi sem viðskiptin fara fram, þ.e. þau eru færð á þeim degi sem bankinn skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign, nema vegna útlána, sem eru skráð þegar fjármunir eru afhentir lántakanda. Fjáreignir eru afskráðar þegar rétturinn til að fá fjárstreymi af fjáreign er ekki lengur til staðar eða þegar bankinn hefur flutt að verulegu leyti áhættu og ávinning af eignarhaldinu.

Fjárskuld er skráð þegar bankinn verður aðili að samningsbundnum skuldagerningi. Fjárskuld er afskráð þegar skuldbinding bankans er gerð upp með greiðslu, skuldaraðili fellur frá kröfunni eða fjárskuldin er felld úr gildi.

18. Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til jöfnunar og fyrirhugað er að gera upp fjáreignina og fjárskuldina nettó eða innleysa eignina og greiða skuldina á sama tíma.

19. Leigusamningar

a) *Rekstrarleiga*

Leigugreiðslur vegna rekstrarleigu, þar sem bankinn er leigutaki eru skráðar sem gjöld, línulega yfir leigutímann.

20. Óefnislegar eignir

a) *Viðskiptavild*

Viðskiptavild er færð vegna sameiningar við FSP í ársbyrjun 2007 og er færð samkvæmt kaupaðferðinni.

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun. Viðskiptavild er ekki lengur afskrifuð, en árlega er gert virðisrýrnunarpróf vegna hennar.

21. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hlutum í einstökum rekstrarfjármunum er eignfærður sem rekstrarfjármunur, ef það er líklegt að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni mun renna til bankans og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra rekstrarfjármuna. Listaverk eru ekki afskrifuð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Tölvubúnaður.....	3 ár
Áhöld og tæki.....	5 ár

Skýringar, frh.:

22. Lántaka

Lántökur bankans eru upphaflega færðar á gangvirði að frádregnum viðeigandi viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega færslu eru lánin færð á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og mismunur á kostnaði og innlausnarverði er færður í rekstrarreikning á lánstíma miðað við virka vexti. Áfallnir vextir eru meðtaldir í bókfærðu verði lánsins.

23. Víkjandi lán

Bankinn hefur tekið lán með víkjandi skilmálum. Lánin hafa einkenni eigin fjár þar sem þau víkja fyrir öðrum lánnum bankans. Við útreikning eiginfjárlutfalls eru þessi lán talin til eigin fjár eins og kemur fram í skýringu 59. Víkjandi lán eru færð meðal skulda með verðbótum. Áfallnir vextir eru færðir meðal annarra skulda.

24. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikning þegar bankanum ber lagaleg skylda vegna liðinna atburða og líklegt er að bankinn verði fyrir kostnaði við að gera upp skuldbindinguna. Ef áhrifin eru veruleg eru skuldbindingarnar ákveðnar með því að afvaxta áætlað framtíðarfjárstreymi með hlutfalli fyrir skatta og meta þannig áhættuna sem tengist skuldbindingunni.

25. Aðrar eignir og aðrar skuldir

Aðrar eignir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði.

26. Eigið fé

a) Eigin hlutabréf

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði, fært sem breyting á eigin fé. Kaup á eigin bréfum eru færð sem eigin hlutir og færð til lækkunar á heildar eigin fé sé nafnverð hlutafjár ekki lækkað vegna kaupanna.

b) Óráðstafað eigið fé

Á ráðstafað eigið fé er færður hagnaður ársins, en arðgreiðslur eru færðar af óráðstöfuðu eigin fé.

c) Arðgreiðslur

Arðgreiðslur af hlutafé eru færðar til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé á því tímabili sem þær eru samþykktar af aðalfundi.

27. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir og mat stjórnenda við beitingu þeirra

Stjórnendur bankans taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem geta haft áhrif á liði í efnahagsreikningi bankans á næsta rekstrarári. Stjórnendur endurmeta reglulega ákvarðanir og mót byggð á reynslu fyrri ára og öðrum viðeigandi þáttum, svo sem væntingum um framtíðaratburði þegar ákvarðanir um forsendur og mót eru teknar.

Virðisrýrnun á útlánnum

Bankinn endurskoðar útlánasafn sitt til að meta virðisrýrnun á sex mánaða fresti hið minnsta. Við mat á hvort gera skuli grein fyrir virðisrýrnun í rekstrarreikningi, þarf bankinn að meta hvort sýnileg gögn gefi til kynna hvort um sé að ræða mælanlega lækkun á væntanlegu framtíðarsjóðstreymi frá safni lána áður en lækkunin verður merkjanleg hjá einstöku láni í safninu. Þessi sönnun getur falið í sér sjáanleg gögn sem benda til breytingar á greiðslugetu lántakanda í hópi, eða efnahagsástandi erlendis eða heima fyrir sem skapa fylgni milli vanskila vegna eigna í safninu. Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu á eignum með einkenni tapsáhættu og hlutlæg merki virðisrýrnunar sambærileg þegar meta skal framtíðarsjóðstreymi. Aðferðafræðin og ályktanimar sem notaðar eru við að meta bæði fjárhæðir og tímasetningar á framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega til að minnka muninn milli áætlaðs taps og raunverulegs taps.

Skýringar, frh.:

Skýringar við rekstrarreikning

Hreinar vaxtatekjur

28. Vaxtatekjur og vaxtagjöld greinast þannig:

	Vaxtatekjur	Vaxtagjöld	Hreinar vaxtatekjur
2007			
Handbært fé.....	49.686		49.686
Útlán.....	2.761.744		2.761.744
Lántökur.....	(1.774.078)	(1.774.078)	
Víkjandi lán.....	(30.777)	(30.777)	
Veltufjárskuldir.....	(18.018)	(18.018)	
Samtals.....	2.811.430	(1.822.873)	988.557
2006			
Handbært fé.....	6.626		6.626
Útlán.....	1.131.892		1.131.892
Lántökur.....	(788.602)	(788.602)	
Víkjandi lán.....	(29.110)	(29.110)	
Veltufjárskuldir.....	(28.709)	(28.709)	
Samtals.....	1.138.518	(846.421)	292.097

Ofangreindar vaxtatekjur eru af fjáreignum sem ekki eru færðar á gangvirði.

Hreinar þóknatekjur

29. Þóknatekjur og þóknagjöld greinast þannig:

	2007	2006
Þóknun af lánveitingum.....	161.770	0
Þóknun af verðbréfavíðskiptum.....	512.541	347.684
Aðrar þóknunir.....	860.199	254.625
Þóknatekjur samtals.....	1.534.510	602.309
Þóknunarkostnaður af verðbréfavíðskiptum.....	(37.505)	(29.007)
Hreinar þóknatekjur.....	1.497.005	573.302

Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum

30. Arðstekjur greinast þannig:

Arðstekjur af veltufjáreignum.....	36.334	47.145
Arðstekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði.....	8.436	0
Arðstekjur.....	44.770	47.145

31 Hrein (gjöld) tekjur af veltufjáreignum greinast þannig:

Hlutabréf.....	(312.820)	101.979
Skuldabréf.....	23.731	837
Afleiðusamningar.....	(19.412)	0
Hrein (gjöld) tekjur af veltufjáreignum.....	(308.501)	102.816

Skýringar, frh.:

32. Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði greinast þannig:	2007	2006
Hlutabréf	382.430	48.700
Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði.....	382.430	48.700

33. Ýmsar rekstrartekjur greinast þannig:		
